

Miðvikudaginn 24. nóvember 1937.

Nr. 42/1937. Réttvísinn og valdstjórnin

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Aðalbirni Péturssyni, Gunnari Jóhannssyni, Þóroddi Guðmundssyni, Þorsteini Loftssyni, Júlíusi Einarsyni, Gísla Sigurðssyni, Guðmundi Davíðssyni, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Einari Ferseth, Guðmundi Einarssyni, Óskari Berg, Einari Indriðasyni, Guðrúnu Sigurhjartadóttur, Jóhannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Einarssyni, Jóni Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Sigríði Sigurðardóttur, Guðmundi Fr. Guðmundssyni, Ástríði Jónsdóttur, Dagrúnu Bjarnadóttur, Kristmundi Einarssyni, Guðrúnu Sveinsdóttur, Stefáni Þorsteini Sigurjónssyni, Guðlaugi Sigurðssyni, Helgu Guðmundsdóttur, Haraldi Sölvasyni, Jóni Guðjónssyni, Indriða Guðjónssyni, Óla Ferseth, Óskari Garibaldasyni og Áka Jakobssyni

(Theodór B. Lindal).

Árás á lögregluðið.

Dómur aukaréttar Sigluþarðarkaupstaðar 21. mars 1936:
Kærðir Þorsteinn Loftsson og Einar Ferseth skulu hvor um sig sæta 4 mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Guðmundur Davíðsson, Anna Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Gísli Sigurðsson, Harða Guðmundsdóttir, Gunnlaugur Einarsson, Steinþóra Einarsdóttir, Guðmundur Fr. Guðmundsson, Helga Guðmundsdóttir og Óskar Garibalda-

son sæti hvert um sig 3 mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Indriði Guðjónsson, Haraldur Sölvason, Stefán Þorsteinn Sigurjónsson, Guðrún Sveinsdóttir, Kristmundur Einarsson, Dagrún Sædal Bjarnadóttir, Ástríður Jónsdóttir, Jón B. Valfells, Jóhannes Sigurðsson, Júlíus Einarsson og Áki Jakobsson sæti hvert um sig 2 mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Guðmundur Einarsson, Óskar Berg, Einar Indriðason, Guðrún Sigurhjärtadóttir, Guðlaugur Sigurðsson og Óli Ferseth sæti hvert um sig eins mánaðar einföldu fangelsi. Kærð Sigríður Sigurðardóttir sæti 100 króna sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar. Kærður Jón Guðjónsson sæti 200 kr. sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, en refsingu ofangreindra sökunauta skal fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Þóroddur Guðmundsson sæti 5 mánaða einföldu fangelsi, Aðalbjörn Pétursson sæti 4 mánaða einföldu fangelsi, Gunnar Jóhannsson sæti 3 mánaða einföldu fangelsi.

Öll hin dæmdu greiði allan af málinu löglega leiðandi kostnað eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, þar á meðal 30 krónur til málsvarnarmanns síns, Ingólfs Jónssonar cand. jur.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

1. Ákærði Aðalbjörn Pétursson. Auk þess, sem í forsendum hins áfrýjaða dóms segir um brot þessa ákærða, þykir mega telja sannað, að hann hafi svift burt auglýsingaspjaldi því, er lögreglustjóri hafði látið setja upp við varnargirðinguna á bryggjunni. Verksaður ákærða varðar við 1. mgr. 99. og 106. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82 24. september 1929, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangavíðurværi.

2.—3. Verksaður hinna ákærðu Gunnars Jóhannssonar og Þórodds Guðmundssonar, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómí, varðar við 1. mgr. 99. gr.

hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

4. Ákærði Þorsteinn Loftsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. mgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

5.—6. Ákærðu Júlíus Einarsson og Gísli Sigurðsson hafa með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekir við 1. mgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

7. Ákærði Guðmundur Davíðsson. Auk þess sem þessi ákærði tók mjög virkan þátt í árásum á lögreglulíðið almennt með því að vera mjög framarlega í hópi árásarmanna, með steinkasti að lögreglumönnum og með því að neyta járnrekins bareflis, veitti hann einum lögreglumannanna allmikinn áverka á höfði með barefli þessu. Hefir ákærði með verknaði sínum gerzt sekur við 1. mgr. 99. gr. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

8.—9. Hinar ákærðu Anna og María Guðmundsdætur hafa með verknaði sínum, sem rétt er lýst í

hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekar við 1. mgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing þeirra hvorrar um sig hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63 gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

10. Ákærða Harða Guðmundsdóttir hefir, auk þess, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, veitt manni úr lögregluliðinu áverka á höfuð með steinkasti. Varða brot hennar við 1. mgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

11. Ákærði Einar Ferseth. Auk þess, sem þessi ákærði tók almennt mjög virkan þátt í árásum á lögregluliðið, veitti hann tveimur mönnum áverka á höfði með steinkasti. Varða brot hans við 1. málsg. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. oftnefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 135 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

12. Ákærði Guðmundur Einarsson. Eitt vitni hefir að vísu borið, að það hafi séð þenna ákærða í flokki árásmanna og séð hann kasta grjóti að lögreglumönnum, en engar aðrar upplýsingar hafa um þetta fengizt í málinu. Þykir því ekki vera fram komin full sönnun fyrir sekt hans við ákvæði hegningarlaganna. Það er ekki heldur upplýst um það, að hann hafi brotið bann lögreglustjóra við vist á bryggjunni utan varnarlínunnar, þótt hann kunni að hafa staðnæmzt þar, með því að ekkert liggur fyrir um það, hvort hann hafi heyrt það bann. Verður því að sýkna þenna ákærða af kærnum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

13.—14. Óskar Berg og Einar Indriðason. Eitt vitni hefir borið, að það hafi séð hvorn þessara manna kasta kolum eða steini að lögregluliðinu, en báðir segjast þeir hafa komið á staðinn sem áhorfendur aðeins. Verður ekki gegn neitun þeirra talið sannað, að þeir hafi gerzt sekir við ákvæði hegningarlaganna. Og ekki verður heldur talið sannað, að þeir hafi brotið bann lögreglustjóra við vist manna á bryggjunni utan varnarlínu, þótt þeir hefðu verið þar eitthvað, með því að ekkert er upplýst um það, hvort þeir hafi heyrt það bann. Verður því að sýkna báða þessa ákærðu af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

15. Ákærða Guðrún Sigurhjartardóttir hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

16. Ákærði Jóhannes Sigurðsson hefir einnig með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt brotlegur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

17. Ákærði Gunnlaugur Einarsson veitti einum lögregluliðsmanna höfuðhögg, er veruleg meiðsl hlutust af, auk annarar þátttöku sinnar í árás á lögregluliðið. Varða brot hans við 1. málgsg. 99. gr. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin

með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

18. Ákærði Jón B. Valfells. Verknaður hans, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

19. Ákærða Steinþóra Einarsdóttir hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

20. Ákærða Sigríður Sigurðardóttir. Um hana er það eitt sannað, að hún stóð utanvert við varnarlínu lögregluliðsins, án þátttöku í árás á það. Það er ekkert um það upplýst, hvort hún hafi heyrt bann lögreglustjóra við vist manna þar, enda virðast allmargir hlutlausir áhorfendur hafa staðið þar, meðan á árásunum á lögregluliðið stóð. Það verður því að sýkna ákærðu af öllum kærnum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

21. Ákærði Guðmundur Fr. Guðmundsson. Auk þess, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, verður að telja það sannað, að ákærði hafi veitt manni úr lögregluliðinu verulegan áverka á höfði með steini eða kolamola. Hefir ákærði með verknaði sínum gerzt sekur við 1. málsgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63.

gr. hegningarlaganna 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

22. Ákærða Ástriður Jónsdóttir hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

23. Ákærða Dagrún Bjarnadóttir, sem talin er fædd 14. júní 1917, hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sek við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 38. og 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

24. Ákærði Kristmundur Einarsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

25. Ákærða Guðrún Sveinsdóttir. Með vitnaskýrslum er það sannað, að hún tók þátt í árás á lögreglu-liðið með því að kasta að því kolamolun. Varðar verknaður hennar við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. nefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

26. Ákærði Stefán Þorsteinn Sigurjónsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða

dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

27. Ákærði Guðlaugur Sigurðsson hefir með verknaði sínum, sem lýst er í hinum áfrýjandi dómi, gerzt brotlegur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

28. Ákærða Helga Guðmundsdóttir veitti einum lögregluþjónanna verulegan áverka á hendi með hamri, er hún neytti í árás sinni á lögregluliðið. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til lýsingar hins áfrýjaða dóms á verknaði hinnar ákærðu, verður að telja hana hafa gerzt seka við 1. málsgr. 99. og 205. gr. hegningarlaganna og 1. gr. oftgreindrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hennar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 110 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

29.—31. Ákærðu Haraldur Sölvason og Jón og Indriði Guðjónssynir hafa með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekir við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing þeirra hvers um sig hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

32. Ákærði Óli Ferseth, sem ekki hafði náð 18 ára aldri þann 13. maí 1934, hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur

við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lög-reglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 38. og 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi.

33. Ákærði Óskar Garibaldason hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

34. Ákærði Áki Jakobsson hefir með verknaði sínum, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, gerzt sekur við 1. málsgr. 99. gr. hegningarlaganna og 1. gr. oftnefndrar lögreglusamþykktar, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Það þykir rétt að ákveða, að fresta skuli framkvæmd á refsingu hinna ákærðu Júlíusar Einarssonar, Gísla Sigurðssonar, Önnu Guðmundsdóttur, Mariu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Guðrúnar Sigurhjartardóttur, Jóhannesar Sigurðssonar, Jóns B. Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Ástriðar Jónsdóttur, Dagrúnar Bjarnadóttur, Kristmundar Einarssonar, Guðrúnar Sveinsdóttur, Stefáns Þorsteins Sigurjónssonar, Guðlaugs Sigurðssonar, Helgu Guðmundsdóttur, Haralds Sölvasonar, Jóns Guðjónssonar, Indriða Guðjónssonar, Óla Ferseth og Áka Jakobssonar, og að niður skuli hún falla að 5 árum liðnum fyrir hvert einstakt þeirra, ef það heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Fella verður niður ákvæði héraðsdómsins um

málsvarnarlaun cand. jur. Ingólfs Jónssonar, með því að hann varði hin ákærðu ekki að tilhlutun dómars, og verður kaup hans því ekki talið til sakarkostnaðar.

Eftir úrslitum þessa máls verður að dæma hin ákærðu Aðalbjörn Pétursson, Gunnar Jóhannsson, Þórodd Guðmundsson, Þorstein Loftsson, Júlíus Einarsson, Gísla Sigurðsson, Guðmund Davíðsson, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Einar Ferseth, Guðrúnu Sigurhjartardóttur, Jóhannes Sigurðsson, Gunnlaug Einarsson, Jón B. Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Guðmund Fr. Guðmundsson, Ástriði Jónsdóttur, Dagrúnu Bjarnadóttur, Kristmund Einarsson, Guðrúnu Sveinsdóttur, Stefán Þorstein Sigurjónsson, Guðlaug Sigurðsson, Helgu Guðmundsdóttur, Harald Sölvason, Jón Guðjónsson, Indriða Guðjónsson, Óla Ferseth, Óskar Garibaldason og Áka Jakobsson til að greiða in solidum allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn hefir dæmt 32 hinna ákærðu „sbr. 202. gr.“ hegningarlaganna. Um suma þeirra er ekkert upplýst um það, að þeir hafi komið fram við nokkurn einstakan mann ofbeldi, er 202. gr. hegningarlaganna taki til. Og í öðru lagi á ríkisvaldið ekki sókn á brotum, er 202. gr. tekur til. Einnig hefir héraðsdómarinn dæmt hina sömu 32 eftir 104. gr. hegningarlaganna, og þó ákveðið refsingu þeirra allmarga neðan við refsilágmark þeirrar greinar, án þess að sérstök heimild væri til þess. Tvö hinna ákærðu eru dæmd aðeins eftir 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar, en skilorðsbundið, og er eigi

heimild til slíks, sjá lög nr. 57/1933. Hegningarvottorð allmargra vantar og engra fæðingarvottorða virðist héraðsdómarinn hafa aflað, og er þetta sérstaklega athugavert um ákærðu Dagrúnu Bjarnadóttur og Óla Ferseth.

Atburðir þeir, er mál þetta er af risið, gerðust 13. maí 1934. Rannsókn málsins lýkur 12. marz 1935, og stefna er útgefin 13. april s. á. Þingfest er málið 18. maí s. á., og veitir dómarinn hinum ákærðu þá frest til varnar til 14. des. 1935 og lánar þeim málskjölin. Þá mætir einn hinna ákærðu, en hefir ekki skjölin, og er þá veittur frestur til 14. febrúar 1936. Þá er málið loks tekið til dóms. Dómur er kveðinn upp 21. marz s. á. og birtur á tímabilinu 12. maí til 21. júlí s. á. Þann 26. nóv. er gefin út áfrýjunarstefna eftir kröfu 31 hinna ákærðu og 17. febrúar þ. á. er málinu einnig stefnt til hæstaréttar um þá 3, er ekki virðast hafa óskað áfrýjunar. Virðist því nokkur aðfinnsluverður dráttur hafa orðið á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu Guðmundur Einarsson, Óskar Berg, Einar Indriðason og Sigríður Sigurðardóttir eiga að vera sýkn af kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Hinir ákærðu Aðalbjörn Pétursson, Gunnar Jóhannsson, Þóroddur Guðmundsson og Guðmundur Davíðsson sæti hver um sig 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Einar Ferseth sæti 135 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinir ákærðu Þorsteinn Loftsson, Gunnlaugur

Einarsson, Guðmundur Fr. Guðmundsson, og Óskar Garibaldason sæti hver um sig 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærða Helga Guðmundsdóttir sæti 110 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hin ákærðu Harða Guðmundsdóttir, Steinþóra Einarsdóttir og Stefán Þorsteinn Sigurjónsson sæti hvert um sig 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hin ákærðu Júlíus Einarsson, Gísli Sigurðsson, Anna Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Guðrún Sigurhjärtardóttir, Jóhannes Sigurðsson, Jón B. Valfells, Ástriður Jónsdóttir, Kristmundur Einarsson, Guðrún Sveinsdóttir, Guðlaugur Sigurðsson, Haraldur Sölvason, Jón Guðjónsson, Indriði Guðjónsson og Áki Jakobs-son sæti hvert um sig 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hin ákærðu Dagrún Bjarnadóttir og Óli Fer-
seth sæti hvort um sig 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fresta skal framkvæmd refsingar hinna ákærðu Júlíusar Einarssonar, Gísla Sigurðssonar, Önnu Guðmundsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Hörðu Guðmundsdóttur, Guðrúnar Sigurhjärtardóttur, Jóhannesar Sigurðssonar, Jóns B. Valfells, Steinþóru Einarsdóttur, Ástriðar Jónsdóttur, Dagrúnar Bjarnadóttur, Kristmundar Einarssonar, Guðrúnar Sveinsdóttur, Stefáns

Þorsteins Sigurjónssonar, Guðlaugs Sigurðssonar, Helgu Guðmundsdóttur, Haralds Sölvasonar, Jóns Guðjónssonar, Indriða Guðjónssonar, Óla Ferseth og Áka Jakobssonar, og niður skal hún falla fyrir hvert einstakt þeirra að 5 árum liðnum, ef það heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Hin ákærðu Aðalbjörn Pétursson, Gunnar Jóhannsson, Þóroddur Guðmundsson, Guðmundur Daviðsson, Einar Ferseth, Þorsteinn Loftsson, Gunnlaugur Einarsson, Guðmundur Fr. Guðmundsson, Óskar Garibaldason, Helga Guðmundsdóttir, Harða Guðmundsdóttir, Steinþóra Einarsdóttir, Stefán Þorsteinn Sigurjónsson, Júlíus Einarsson, Gísli Sigurðsson, Anna Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Guðrún Sigurhjärtardóttir, Jóhannes Sigurðsson, Jón B. Valfells, Ástríður Jónsdóttir, Kristmundur Einarsson, Guðrún Sveinsdóttir, Guðlaugur Sigurðsson, Haraldur Sölvason, Jón Guðjónsson, Indriði Guðjónsson, Áki Jakobsson, Dagrún Bjarnadóttir og Óli Ferseth greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Theódórs B. Lindal, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn fyrrgreindum kærðum fyrir brot á XII. og XVIII. kafla refsilaganna og lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

11. maí 1934 kom e/s Dettifoss til Siglufjarðar, og lýsti þá kærður Þóroddur Guðmundsson fyrir hönd Verkalýðs-sambands Norðurlands (V. S. N.) því yfir, að afgreiðslubann væri lagt á skipið og að uppskipun yrði hindruð með valdi, ef á þyrfti að halda. Fór skipið svo búið héðan, en kom hingað 13. s. m. Hafði afgreiðsla skipsins beðið um aðstoð lögreglunnar og þáverandi dómsmálaráðherra lagt fyrir lögreglustjórann á Siglufirði að beita valdi til þess að tryggja vinnufrið við skipið við upp- og útskipun. Kvaddi lögreglustjóri lögregluþjóna bæjarins og allmarga borgara bæjarins til varnar, og tóku þeir sér varnarstöðu á hafnarbryggjunni áður en skipið kom, hlóðu fyrirhleðslu á bryggjunni og festu upp auglýsingar um, að aðganga væri bönnuð. Þegar skipið var lagzt að bryggjunni, hélt Þóroddur Guðmundsson, ásamt fjölda manns, niður að hafnarbryggjunni, og staðnæmdust þeir við fyrirhleðsluna. Bar einkum á honum og meðkærðum Aðalbirni Péturssyni og Gunnari Jóhannssyni, og hvöttu þeir lið það, er þeim fylgdi, til þess að ráðast yfir fyrirhleðsluna, þar sem lög-
reglustjóri og varnarlið það, sem hann hafði kvatt til varnar, hafði tekið sér varnarstöðu við. Lýsti lög-
reglustjóri banni við að fara inn fyrir fyrirhleðsluna og skipaði fólkinu fyrir utan fyrirhleðsluna burtu, en það skeytti því engu, og gerðu ýmsir hinna kærðu tilraun til að komast yfir til þess að hindra upp- og útskipun, sem var byrjuð.

Hinir ákærðu krefjast sýknu, þar eð þeir hafi gert samning við afgreiðslumann Eimskipafélags Íslands á staðnum um, að „málshöfðanir og skaðabótakröfur falli niður af beggja hálfu í þessu máli“.

Á þenna skilning verður ekki fallizt. Þar eð ákærvaldið hefir fyrirskipað málshöfðun þessa, er auðsætt, að það vill ekki uppgjöf saka af hálfu þess opinbera, enda ber samningurinn það ekki með sér, að svo hafi verið gert, og ekkert framkomið, er bendi til þess. Samningurinn ræðir að eins um, að málshöfðanir og skaðabótakröfur

aðilja skuli falla niður, eða réttara sagt hugsanlegur réttur aðilja til málshöfðana og skaðabóta.

Dómarinn getur þess, að sakamál þetta hafi í fyrstu dregizt vegna þess, að dómarinn hafi verið þeirrar skoðunar, að yfirákærvaldið ætlaði að skipa annan dómara til þess að fara með þetta mál, en er honum varð það augljóst, að svo var eigi, hafi málið enn dregizt vegna burtveru dómarans og sumra kærðu og vegna þess, hve sakborningar eru langt hver frá öðrum, en telja varð rétt að veita þeim langan frest þess vegna.

Að því er snertir sök hvers einstaks þeirra kærðu skal tekið fram:

Með vitnisburði fjölda eiðfastra vitna er það sannað, að Aðalbjörn Pétursson hvatti lið sitt til áhlaups á fyrirhleðsluna og að hann var með þeim fremstu í áhlaupinu og komst inn fyrir fyrirhleðsluna og skar á vatnsslöngur bæjarins, sem lögregluliðið notaði sér til varnar með því að beina vatninu úr slöngunum að árásarmönnunum. Var tekinn af honum hnifur, og steinar fundust í vasa hans. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum.

Fjöldi eiðfesta vitna heyrðu kærðan Gunnar Jóhannsson hvetja árásarliðið til áhlaups, og 2 eiðfest vitni hafa borið, að þau hafi heyrt hann hvetja árásarliðið til þess að kasta grjóti á varnarliðið, og fleiri eiðfest vitni sáu hann bera grjót niður til árásarliðsins, 2 vitni hafa séð hann kasta grjóti að varnarliðinu. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum.

Fjöldi eiðfesta vitna heyrðu kærðan Þórodd Guðmundsson hvetja lið sitt til áhlaups að varnarliðinu og sáu hann kasta grjóti og kolum að varnarliðinu, og sannað er, að hann réðist mót einum varnarliðsmanni og reyndi að berja hann. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum.

Þessir 3 sökunautar hafa með dómi hæstaréttar 22. febrúar 1935 verið dæmdir í einfalt fangelsi, Þóroddur Guðmundsson um 3 mánuði, hinir í 2 mánuði, og höfðu þeir sig mest í frammi, einkum Þóroddur.

Hafa þeir með atferli sínu gerzt brotlegir gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsing þeirra þannig, að Þóroddur Guðmundsson sæti 5 mánaða einföldu fangelsi, Aðalbjörn Pétursson sæti 4 mánaða ein-

földu fangelsi, en Gunnar Jóhannsson sæti 3 mánaða einföldu fangelsi.

En aðrir hinna kærðu hafa eigi sætt refsingu af hálfu þess opinbera.

Fjöldi eiðfesta vitna sáu Þorstein Loftsson með þeim fremstu í áhlaupinu á lögregluvarnarliðið. Fleiri vitni sáu hann reiða spýtu til höggs að varnarliðsmanni, og eitt vitni sá hann berja hann, kasta grjóti og spýtum að varnarliðinu. Sjálfur segist kærður hafa tekið þátt í árásinni, en engan barið fyrr en hann sjálfur hafi verið barinn og kveðst ekki muna til, að hann hafi kastað grjóti að varnarliðinu, hann komst og inn fyrir fyrirhleðsluna, en varð að hverfa frá.

Hefir kærður Þorsteinn Loftsson með þessu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 4 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún falla niður að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni hafa borið, að kærður Júlíus Einarsson hafi verið með þeim fremstu í árásinni, og eitt vitnið borið, að það hafi séð hann henda grjóti á lögregluvarnarliðið. Sjálfur viðurkennir hann að hafa verið með í árásinni, en neitar að hafa kastað grjóti. Á varnarliðinu kveðst kærður ekki hafa barið meir en það á sér.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni hafa borið, að kærður Gísli Sigurðsson hafi verið með þeim fremstu í árásinni. Eitt vitni ber, að það hafi séð hann kasta að varnarliðinu grjóti, annað vitni, að það hafi séð hann kasta grjóti eða kolum. Eitt vitni ber, að hann hafi barið sig með þaraböngli í andlitið. Í réttinum hefir hann neitað að svara spurningum dóm-arans.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni hafa borið, að þau hafi séð kærðan Guð-

mund Davíðsson með þeim fremstu í árásinni, fleiri vitni sáu hann reyna að berja einn varnarliðsmanninn með spýtu með því að reiða spýtuna til höggs, og eitt vitni sá hann berja einn varnarliðsmann, svo að sár varð af. 2 vitni sáu hann kasta grjóti.

Sjálfur viðurkennir Guðmundur að hafa verið með í árásinni, en neitar að hafa barið nokkurn og neitar að svara frekari spurningum.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að þau hafi séð kærðu Önnu Guðmundsdóttur kasta kolum að lögregluvarnarliðinu, og Mariu Guðmundsdóttur kasta kolum að lögregluvarnarliðinu, og eitt vitni, að þær hafi kastað grjóti. Sjálfar hafa þær neitað að svara í réttinum spurningum dómárans.

Hafa kærðar því með atferli sínu gerzt brotlegar gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin hjá hvorri um sig 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að þau hafi séð Hörðu Guðmundsdóttur kasta grjóti og kolum að lögregluvarnarliðinu. Eitt vitni ber, að hún hafi tekið tilhlaup til þess að kasta steinum. Sjálf hefir hún í réttinum neitað að svara spurningum dómarans.

Hefir því kærð með þessu atferli sínu gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fjöldi eiðfesta vitna hafa borið, að þau hafi séð Einar Ferseth kasta grjóti „í ákafa og í sífellu“ að varnarliðinu. Hefir hann haft sig mjög í frammi í árásinni, og vitnisburður eins vitnis er um, að 2 menn hafi hlotið meiðsl af grjót-kastinu. Sjálfur kannast hann við að hafa verið með í árásinni, en neitar í réttinum að svara spurningum dómarans.

Sakborningur hefir með þessu gerzt brotlegur gegn 99.

gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingunni 4 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá Guðmund Einarsson kasta grjóti að varnarliðinu, og sannað er, að sakborningur var með í árásarliðinu, en sjálfur hefir hann neitað í rétti að svara spurningum dómarans.

Verður hann að teljast sannur að sök um þátttöku í árásinni, og álizt hann með því hafa gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingunni 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni ber, að það hafi séð, að Óskar Berg hafi kastað einum steini að varnarliðinu, en hann kveðst að vísu hafa verið í hópi árásarliðsins, en komið aðeins til að horfa á, en engu kastað að varnarliðinu eða gert af sér. En með því að blanda sér í hóp árásarmanna hefir hann gerzt sekur um refsivert athæfi, eins og á stóð, og gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingunni eins mánaðar einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni ber, að það hafi séð Einar Indriðason kasta kolum að varnarliðinu. Sjálfur segist hann hafa verið framarla í árásarliðinu, en að eins verið sem áhorfandi. Hann hafi engu kastað að varnarliðinu.

Með fylgd sinni í árásarliðinu hefir hann gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsing hans 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni bera, að þau hafi séð Guðrúnu Sigurhjartardóttur kasta steinum að varnarliðinu. Sjálf kveðst hún engu hafa kastað og að eins hafa komið til þess að taka á móti systur sinni, er kom með Dettifossi að hafnarbryggjunni. Það verður að telja sannað, að hún sé sek um grjót-kastið og hún með því hafi gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, en með tilliti til æsku hennar ákveðst refsingunni 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal

refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að kærður Jóhannes Sigurðsson hafi verið með þeim fremstu í árásinni. Eitt vitni ber, að það hafi séð hann kasta grjóti að varnarliðinu. Einn varnarliðsmaður ber, að hann hafi ráðizt á sig og velt sér niður, þar sem hann stóð til varnar. Sjálfur neitar hann í réttinum að svara spurningum dómarans.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni bera, að þau hafi séð, að kærður Gunnlaugur Einarsson kastaði kolum að varnarliðinu. Eftir framburði 2 vitna réðist hann að einum lögregluvarnarliðsmanni og barði hann í höfuðið. Sjálfur hefir hann neitað að svara í réttinum spurningum dómarans.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal frestað og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 vitni sáu kærðan Jón B. Valfells taka upp 2 steina og rétta drengjum, og var þessum báðum steinum beint að varnarliðinu. Eitt vitni ber, að það sæi hann með stein í hendi og heyrði hann segja, að rétt væri að kasta honum á varnarliðið, og mæltist til þess við vitnið, að það kastaði honum, og sagði á þá leið, að rétt væri að vera duglegur að kasta á varnarliðið. Annað vitni sá kærðan taka upp 2 steina, ganga með þá til fyrrnefnds vitnis, en heyrði ekki, hvað kærður sagði við það vitni. Hinsvegar heyrði vitni nr. 1 hitt vitnið segja, að kærður hefði mælt til þess við sig (vitni nr. 1), að það kastaði steininum á lögregluvarnarliðið. Þriðja vitni ber, að það hafi séð kærðan rétta manni stein og heyrta kærðan segja við hann, að hann skyldi kasta steininum, en sá maður gefið kærðum í skyn, að ef hann kastaði steininum, myndi hann kasta honum í kærðan. Fjórða vitnið ber, að það hafi heyrta kærðan segja: „Nú skal varnarliðið fá vaskið með grjótkastið.“ Kærður neitar öllum þessum framburðum og telur þetta tilhæfulaust.

Það verður að telja sannað, að kærður hafi með þessu atferli sínu hjálpað til með grjótkastið á lögregluvarnarliðið og með því gerzt brotlegar gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðu Steinþóru Einarsdóttur kasta fleiri steinum að varnarliðinu. 3—4 vitni hafa borið, að þau hafi séð hana berja 2 varnarliðsmenn með vatnsslöngubút. Eitt vitni ber, að það hafi séð hana taka einn stein og kasta að varnarliðinu. Eitt vitni ber, að hún hafi hvatt til grjótkastsins. Sjálf hefir kærð neitað í réttinum að svara spurningum dómarsans.

Kærð hefir með atferli sínu gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Um kærðu Sigríði Sigurðardóttur hefir eigi sannast annað en hún var í árásarliðinu, er því lenti saman við lögregluvarnarliðið, en nægileg gögn eru eigi fram komin, er hnekki framburði hennar um, að hún hafi ekki verið með í árásarliðinu, er það fór niður að hafnarbryggjunni, heldur komið þangað, er flokkarnir voru fyrir. Að vísu hefir eitt vitni borið, að hún hafi tekið upp stein, en gegn eindreginni neitun kærðrar verður slíkt ekki talið sannað. Hinsvegar átti kærðri að vera ljóst, að hún með veru sinni þarna braut á móti 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar frá 24. sept. 1929 sbr. 95. gr. lögreglusamþykktarinnar, enda hafði lögreglan fyrirskipað, að mannsöfnuðurinn skyldi tvístrast, en því eigi hlýtt.

Er kærð því brotleg gegn 1. gr. téðrar lögreglusamþykktar sbr. 95 gr., og ákveðst refsingin 100 kr. sekt í bæjarsjóð, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni, sem stóð hjá, ber, að það hafi séð kærðan Guðmund Fr. Guðmundsson kasta 2 steinum á varnarliðið, annað vitni ber, að hann hafi hvatt til þess að rífa burtu fyrirhleðsluna og „storma“ varnarliðið. 2 vitni bera, að þau hafi séð hann kasta einum steini og annað vitnið, að annar þessara steina hafi komið á ákveðinn varnarliðsmann.

Sjálfur hefir sökunautur neitað að svara spurningum dóm-
arans í réttinum.

Verður hann með þessu atferli sínu að teljast sannur
að sök um þátttöku í árás á lögregluvarnarliðið og grjótt-
kasti á það og með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn
99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refs-
ingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta
og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga
39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni sáu kærðu Ástríði Jónsdóttur henda kolum
að varnarliðinu, en sjálf hefir hún neitað að svara öllum
spurningum í rannsókninni.

Fleiri vitni sáu kærðu Dagrúnu Bjarnadóttur Sædal
kasta kolum að lögregluvarnarliðinu, en sjálf neitar hún að
svara spurningum í rannsókninni.

Báðar hinar kærðu hafa með þessu gerzt brotlegar gegn
99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refs-
ingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni
og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga
39/1907 verða haldin.

Einn lögregluliðsvarnarmaður ber, að kærður Krist-
mundur Einarsson hafi reynt, ásamt Einari Ferseð og Ste-
fáni Þorsteini Sigurjónssyni, að ná sér yfir varnarlinuna og
yfir í árásarliðið. Annað vitni ber, að kærður hafi steytt
hamri við varnarlinuna. Sjálfur kannast kærður við að hafa
verið með í árásinni og barið með hamri að fyrirhleðsl-
unni, en neitar að hafa reynt að taka mann úr varnarlið-
inu eða gert nokkuð annað.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99.
og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin
2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og
hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907
verða haldin.

Eitt vitni sá kærðu Guðrúnu Sveinsdóttur í áhlaups-
liðinu. Annað vitni sá hana kasta kolamola að varnarlið-
inu. Fjórða (svo) vitnið sá hana kasta kolum í sífellu að
varnarliðinu. Sjálf segist hún að eins hafa verið með í fylk-
ingu árásarliðsins, en ekkert gert af sér og engu kastað.

Með atferli sínu hefir hún gerzt brotleg gegn 99. og 104.
gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mán-
aða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún

niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðan Jónas Ásgrímsson framarla í árásarliðinu. Sakborningur hefir eigi fundizt, er málshöfðun fór fram, og verður því að vísa málinu frá dómi, að því er hann snertir.

Fleiri vitni bera, að kærður Stefán Þorsteinn Sigurjónsson hafi verið framarla í árásarliðinu. Einn lögreglu-liðsvarnarmaður ber, að hann hafi tekið utan um vatnsslöngur bæjarins, er lögreglan notaði til varnar, og þannig hjálpað Aðalbirni Péturssyni til þess að skera á þær. Einn úr lögregluvarnarliðinu ber, að kærður hafi reynt að hafa sig yfir fyrirhleðsluna og yfir til árásarliðsins. Sjálfur kveðst mættur hafa hlaupið inn fyrir varnarlinuna, en ekki muna til, að hann hafi tekið utan um vatnsslöngurnar né reynt að toga varnarliðsmann út fyrir til árásarliðsins.

Með atferli sínu hefir hann gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Eitt vitni sá kærðan Guðlaug Sigurðsson kasta steinum á varnarliðið. Sjálfur kveðst kærður hafa verið með í árásarliðinu, en staðnæmzt við fyrirhleðsluna og ekkert gert til þess að komast yfir hana né hvatt nokkurn til þess, en fengið stein í fingurinn og við það orðið svo reiður, að hann fór að henda grjóti á lögregluvarnarliðið. Annars kveðst hann ekkert hafa ætlað að gera af sér.

Með atferli sínu hefir kærður brotið gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 1 mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fjöldi vitna ber, að kærð Helga Guðmundsdóttir hafi kastað kolum og grjóti að varnarliðinu, og nokkur vitni, að hún hafi reynt að berja 2 varnarliðsmenn með hamri. Meiddist einn lögregluþjónn af þeim áverka.

Með verknaði sínum hefir hún gerzt brotleg gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Einn varnarliðsmaður ber, að kærður Haraldur Sölva-

son hafi reynt að taka sig yfir til árásarliðsins. Sjálfur segist kærður ekki hafa komið niður á hafnarbyggju í árársarkyni, en reiðst, er vatnsbuna kom á hann úr slöngum bæjarins, og togað þá í varnarliðsmanninn og reynt að toga hann yfir fyrirhleðsluna og út fyrir hana.

Verður að telja kærðan með þessu þátttakanda í árás á varnarliðið og brotlegan gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en fresta skal refsingunni og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 lögregluþjónar bera, að kærður Jón Guðjónsson hafi verið með í árásarliðinu. Sjálfur viðurkennir kærður að hafa verið framarla í árásarliðinu, en hann hafi alls ekki komið í árársarkyni og engan þátt tekið í árásinni. Hann hafi eftir á vitað, að bannað var af lögreglunni að vera þar sem árásarliðið var, en hann mundi þó hafa verið þar sem hann var, þótt honum hefði verið kunnugt um bannið. Hann kveðst ekki hafa slegið til eða kastað til nokkurs manns.

Það verður nú eigi talið sannað, að kærður hafi gert neitt af sér annað en að vera með í árásarliðinu, en slíkt er refsivert, eins og á stóð, og brot gegn 1. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar 24. sept. 1929 sbr. 95. gr. téðrar lögreglusamþykktar, og ákveðst refsingin 200 kr. sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, en refsingunni skal frestað og hún niður falla að liðnum 5 árum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

2 lögregluþjónar bera, að kærður Indriði Guðjónsson hafi verið með í árásarliðinu og hafi hann tekið utan um kylfu eins lögregluþjónsins. Kærður viðurkennir að hafa tekið utan um kylfu eins lögregluþjónsins til þess að hindra, að hann berði einn mann úr árásarliðinu, en hann hafi engan annan þátt átt í árásinni.

En þótt þátttaka kærðs væri ekki önnur en sú, er greind er, þá er hún refsiverð og er brot á 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

3 vitni bera, að kærður Óli Ferseth hafi kastað steinum að lögregluvarnarliðinu, og eitt vitnanna, að það hafi

tekið af honum stein. Sjálfur neitar kærður að svara öllum spurningum í rannsókninni.

Kærður hefir með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 99. gr. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin með sérstöku tilliti til æsku sökunauts 1 mánaðar einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fjöldi vitna sáu Óskar Garibaldason með þeim fremstu í áhlaupinu. 2 vitni sáu hann fara upp á kolaportið á bak við lögregluvarnarliðið og setja síðan 2 menn í sjóinn, þar sem stætt var. Einn lögregluþjónn ber, að hann hafi slegið sig stór högg á hendina með hnefanum. Sjálfur hefir sökunautur neitað að svara spurningum dómarsins í réttinum.

Af þessari þátttöku kærðs er auðsætt, að hann hefir gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 3 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Fleiri vitni bera, að kærður Áki Jakobsson hafi verið með í áhlaupinu. Eitt vitni ber, að hann hafi kastað grjóti að varnarliðinu. Sjálfur viðurkennir hann (kærður) að hafa verið með í áhlaupinu á lögregluvarnarliðið og eggja að árásarliðið til þess að gera árás á lögregluvarnarliðið, en neitar að hafa hent grjóti að varnarliðinu.

Verður að telja, að kærður hafi með þessu gerzt brotlegur gegn 99. og 104. gr. sbr. 202. gr. refsilaganna, og ákveðst refsingin 2 mánaða einfalt fangelsi, en refsingunni skal fresta og hún niður falla, ef skilorð laga 39/1907 verða haldin.

Öll hin kærðu, nema Jónas Ásgrímsson, skulu greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, þar á meðal 30 kr. til málsvarnarmanns síns, Ingólfs Jónssonar.

Meðferð málsins í héraði hefir verið vítalaus.